

155. fundur

Fimmtudaginn 30. júní 2022 kl. 18:00 var haldinn 155. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

Dagskrá:

- 1. Ráðið skiptir með sér verkum**
Ákveðið að Ingólfur verði áfram formaður ráðsins.
- 2. Framkvæmdafé**
Umræður um verkefni.
- 3. Bílastæðamál**
Umræður um bílastæðamál á Árskógssandi og í Hrísey.

Fundi frestað kl. 19:13 vegna sjúkraútkalls.
Boðað var til framhaldsfundar þann 11. ágúst kl. 20.

- 4. Framkvæmdafé - framhald**
Hverfisráð mun óska eftir fundi með UMSA varðandi framkvæmdafé og stöðu verkefna í eyjunni.
- 5. Aðalskipulag**
Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er sér kafli varðandi megináherslur fyrir Hrísey og Grímsey. Þar segir m.a. að „Hrísey og Grímsey verði vistvænar eyjar sem leggi áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig“.
Hverfisráð vill hefja vinnu við aðgerðaráætlun þar sem unnið verður markvisst að þeim áherslum sem fram koma í aðalskipulaginu er varða Hrísey og óskar eftir fundi varðandi málefnið.
- 6. Bílastæði á Árskógssandi**
Hverfisráð óskar eftir aðstoð Akureyrarbæjar varðandi bílastæðamál á Árskógssandi og skipulag á því svæði sem er í landi Dalvíkurbyggðar.
- 7. Önnur mál**
 - Hverfisráð mun hafa samband við Norðurorku varðandi slæman frágang á veituskúr norðan við Beinalág.
 - Umræða um gróðursetningu á trjám í bæjarlandinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:30.

Ingólfur Sigfússon
Narfi Freyr Narfason
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon